



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Alþingi
b.t. skrifstofu Alþingis, nefndasviðs
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 31. maí 2016

Tilv.: 1605016

Efni: Umsögn Samkeppniseftirlitsins um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs og lögum um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur (EES-reglur, stjórnvaldssektir o.fl.), 670. mál.

Með tölvupósti, dags. 23. maí sl., óskaði Samkeppniseftirlitið eftir tækifæri til að koma að athugasemdum vegna framangreinds frumvarps, þskj. 1098 - 670. mál. Með tölvupósti sama dag, var Samkeppniseftirlitinu veitt færi á að koma að umsögn vegna málsins.

Samkeppniseftirlitið hefur á undanförunum misserum í ákvörðunum sínum og álitum látið sig varða samkeppni við meðhöndlun úrgangs. Samkeppniseftirlitið fagnar því þessu tækifæri til koma að athugasemdum við frumvarpið.

Samkeppniseftirlitið lýsir yfir ánægju með þær breytingar sem lagðar hafa verið til í 4. gr. frumvarpsins, m.a. í tilefni af ábendingum eftirlitsins. Í tillagðri grein segir; „Umhverfisstofnun skal tryggja að birtar séu á vefnum tölulegar upplýsingar sem byggjast á skýrslum rekstraraðila til að uppfylla alþjóðlega samninga.“ Samband íslenskra sveitarfélaga, Sorpa og Reykjavíkurborg benda í umsögnum sínum við frumvarpið á að með þessari leið sé ekki tekið mið af þörfum sveitarfélaga, m.a. vegna gerðar áætlana um meðhöndlun úrgangs. Að mati Samkeppniseftirlitsins er mikilvægt að áætlanir um meðhöndlun úrgagns byggist á sem bestum upplýsingum og samráði við alla rekstraraðila í meðhöndlun úrgangs. Er það mikilvægt m.a. í því skyni að meta þörf á fjárfestingu í greininni. Að sama skapi er mikilvægt að upplýsingaöflun og dreifing upplýsinga til rekstraraðila skerði ekki samkeppni. Af þeim sökum leggur Samkeppniseftirlitið til að orðalagi 4. gr. frumvarpsins verði breytt á eftirfarandi hátt:

„Umhverfisstofnun skal tryggja að birtar séu á vefnum tölulegar upplýsingar sem byggjast á skýrslum rekstraraðila til að uppfylla alþjóðlega samninga og kröfur sem lög um meðhöndlun úrgangs leggja á sveitarfélög og rekstraraðila.“



Í umsögnum sínum við frumvarpið gera Samband íslenskra sveitarfélaga, Sorpa og Reykjavíkurborg tillögu um breytingu á markmiðsákvæði laganna. Samkeppniseftirlitið hefur bent á að skerpa þurfi á ákvæðum laganna m.a. um hlutverk og samspili einkaaðila og opinberra aðila við meðhöndlun úrgangs. Um það má m.a. vísa til álits Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2014, *Samkeppnishömlur við meðhöndlun úrgangs*,¹ og sameiginlega skýrslu norrænu samkeppniseftirlitanna 2016, *Competition in the waste management sector – preparing for the circular economy*.² Það er þó mat Samkeppniseftirlitsins að slíkar breytingar eigi betur heima við heildarendurskoðun laga um meðhöndlun úrgangs eða í kjölfar sérstakrar skoðunar á þessum þætti laganna.

Í umsögnum framangreindra aðila er jafnframt bent á ágreining sem hefur verið um kostnað sveitarfélaga og greiðslur frá Úrvinnslusjóði vegna móttöku og geymslu raf- og rafeindatækjaúrgangs. Ákvörðun þessara greiðslna varðar þó ekki efni frumvarpsins eins og það liggur fyrir núna. Að mati Samkeppniseftirlitsins er mikilvægt að þessar greiðslur endurspegli raunkostnað sveitarfélaga við móttöku og geymslu úrgangsins. Þá mega slíkar greiðslur ekki gera sveitarfélögum eða fyrirtækjum þeirra kleift að sölsa undir sig starfsemi á þessu sviði sem áður hefur ríkt samkeppni einkaaðila um. Samkeppniseftirlitinu hafa borist ábendingar um að sveitarfélög og fyrirtæki þeirra krefjist töluverðrar fjárhæðar frá endurvinnslufyrirtækjum sem vilja taka að sér endurvinnslu þessa úrgangsflokks. Þetta sé aukagreiðsla sem bætist við greiðslur sveitarfélaga frá Úrvinnslusjóði. Samkeppniseftirlitið leggur því til, líkt og Samband íslenskra sveitarfélaga, að skerpt verði á því hvaða hlutverk sveitarfélög hafa að þessu leyti og hvaða kostnað sveitarfélaganna úrvinnslugjaldinu er ætlað að dekkja.

Virðingarfyllst,
Samkeppniseftirlitið

Magnús Þór Kristjánsson

¹ http://www.samkeppni.is/media/alit-2014/Alit_1_2014_Samkeppnishomlur_vid_medhondlun_urgangs.pdf.

² Sjá frétt og hlekk á skýrsluna á slóðinni: <http://www.samkeppni.is/utgafa/frettir/nr/2769>.